



Alþingi, nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. nóvember 2020  
Tilvísun: 2020110005/50.12

## Efni: Tillaga til þingsáætlunar um aðgerðir vegna rakaskemmda í fasteignum - umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Vísað er erindis dags. 23. október s.l., sem velferðarnefnd Alþingis sendi Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) til umsagnar varðandi tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna rakaskemmda á fasteignum, 36. mál. Tillagan felur í sér að félags- og barnamálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra leggi til nauðsynlegar breytingar á löggjöf til að koma í veg fyrir tjón vegna rakaskemmda í fasteignum og eru taldar upp nokkrar aðgerðir til þess. Í því sambandi bendir HER á að Landlæknir hefur skipað fagråd um rakaskemmdir og myglu en þar sitja sérfræðingar frá Heilsugæslunni, Vinnueftirliti ríkisins, Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga, Landspítala og Eflu verkfræðistofu. Á meðal þess sem fagráðinu er ætlað að leysa er (a) hvernig fræða megi heilbrigðisstarfsfólk um rakaskemmdir og áhrif þeirra á heilsu fólks; (b) að útbúa ráðleggingar og leiðbeiningar um hvernig sé best að meðhöndla þau veikindi sem koma upp sökum rakaskemmda og myglu í húsnæði; (c) hvernig sé best að veita almenningi ráðgjöf og fræðslu; (d) að meta hvort þörf sé á því að stofna sérstakt teymi sérfræðilækna sem sinna sjúklingum sem glíma við veikindi sem rekja má til rakaskemmda og (e) að koma með tillögur um hvernig megi efla forvarnir með tilliti til raka- og mygluskemmda. Af þessu má sjá að hluti þess sem lagt er til í þingsályktunartillögunni er þegar í vinnslu á vegum Embættis landlæknis. Aftur á móti þarf að tryggja að verkefni fagráðsins komist til framkvæmda s.s. með því að tryggja fjármagn og mannafla til þessara verkefna.

Með þingsályktunartillögunni fylgdi greinargerð þar sem HER telur að draga hefði þurft skýrar fram þá ábyrgð sem fasteignaeigendur og umráðamenn fasteigna bera hvað varðar skyldu til að halda húsnæði sínu vel við og góðrar umgengni um það, sem tryggir heilnæmi húsnæðis. Stjórnvöld geta að hluta komið að þessu með bættri löggjöf og fjárhagslegum hvata til viðhalds húsnæðis en húseigendur og umráðamenn/notendur fasteigna eru lykillinn að heilnæmi húsnæðis auk byggingaraðila. Einnig þyrfti að tryggja fræðslu um þessi atriði. Í greinargerðinni er talað um sérstöðu Íslands m.t.t. veðráttu en ekki fjallað um sérstöðu Íslands vegna góðra skilyrða til að kynda hús og lofta án mikils kostnaðar og er eitt af mikilvægum atriðum til að koma í veg fyrir vanda af völdum raka. HER er sammála því að að efla þurfi þekkingu og menntun þeirra sem sinna eftirliti með gæðum bygginga og þeirra sem bera ábyrgð á byggingum. Einnig tekur HER undir að afar mikilvægt er að sú þekking sem er til staðar hjá Rannsóknastofu byggingariðnaðarins glattist ekki og framhald starfseminnar verði tryggt þegar Nýsköpunarmiðstöð verður lögð niður.



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Að lokum er bent á að Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fer m.a. með lögboðið eftirlit með heilnæmi húsnæðis sbr. ákvæði reglugerðar nr. 941/2002 og hefur staðgóða þekkingu á málaflokknum, auk þess að fylgjast náið með rannsóknum og nýmælum er varðar málaflokkinn.

Virðingarfyllt  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir  
frankvæmdastjóri

Rósa Magnúsdóttir  
deildarstjóri